



Salvör Nordal
umboðsmaður barna
Kalkofnsvegi 2
101 Reykjavík

Dagsetning 24. september 2024
Málsnúmer MRN24070199

Viðbrögð við erindi umboðsmanns barna, dags. 19. ágúst 2024

Vísað er til fyrri bréfaskipta við umboðsmann barna vegna samræmds námsmats, einkum bréfs, dags. 19. ágúst 2024, og fundar umboðsmanns barna með fulltrúum mennta- og barnamálaráðuneytis, þann 26. ágúst 2024, þar sem nánar var farið yfir matsferil, svör við spurningum umboðsmanns barna og önnur mál.

Umboðsmaður barna gegnir mikilvægu hlutverki við aðhald gagnvart stjórnvöldum þegar kemur að því að bæta hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra. Mennta- og barnamálaráðuneytið ber mikla virðingu fyrir umboðsmanni barna og tekur athugasemdir hans alvarlega. Ráðuneytið telur þó rétt að ávarpa nokkur atriði í bréfi umboðsmanns barna til ráðuneytisins, dags. 19. ágúst sl.

Í fyrra bréfi umboðsmanns barna var óskað eftir upplýsingum um hvort til staðar sé skýr og heildstæð áætlun um innleiðingu á nýju samræmdu námsmati, aðgang að áætluninni og hvenær áætlað væri að nýtt samræmt námsmat yrði innleitt að fullu. Ráðuneytið svaraði umboðsmanni í bréfi þar sem kemur m.a. fram að fyrir liggja gróf áætlun um innleiðingu skyldubundins samræmds námsmat og að „[m]egindrættir áætlunarinnar eru að skólaárið 2025/2026 verði skyldubundið samræmt námsmat haldið fyrir 4., 6. og 9. bekk í íslensku (lesskilningi) og stærðfræði. Fyrsta árið er gert ráð fyrir stuðningi ráðuneytisins við innleiðingu og að metin verði þörf fyrir svigrúm og útfærslur á fyrsta ári framkvæmdar.“ Jafnframt kemur fram í bréfinu að lögð verði lokahönd á innleiðingaráætlunina eftir umfjöllun Alþingis um málið. Enn fremur er tekið fram að „samhliða [hafi] verið unnið að drögum að tímalínu og innleiðingaráætlun sem eru ætluð til umræðu og samráðs.“ Ljóst er af síðara bréfi umboðsmanns frá 19. ágúst sl. að hann taldi sig ekki hafa fengið fullnægjandi upplýsingar við fyrirspurn sinni. Ráðuneytið taldi sig hafa svarað spurningum umboðsmanns með svörum sem voru afmörkuð við efnisatriði sem var spurt um. Ef umboðsmaður barna taldi sig vanta nánari upplýsingar til að taka afstöðu til málsins telur ráðuneytið að það hefði verið rétt að óska eftir þeim. Minnir ráðuneytið í því sambandi á almenna rannsóknarreglu stjórnvöldum sem hvílir á öllum stjórnvöldum.

Þá kemur fram í bréfi umboðsmanns barna að „*Sú óvissa sem hefur skapast varðandi samræmt námsmat, á kostnað grunnskólubarna og gæða skólastarfs, er með öllu óviðunandi.*“

Frá árinu 2022 hefur legið fyrir að ekkert samræmt námsmat yrði lagt fyrir í grunnskólum til loka árs 2024, í samræmi við ákvörðun Alþingis. Ráðuneytið hefur fylgt ferlum stjórnarráðsins við kynningu á áformum um lagasetningu, kynningu á frumvarpsdrögum og undirbúning fyrir framlagningu frumvarps á Alþingi. Á sama tíma hafa ráðuneytið og Miðstöð menntunar og skólaláþjónustu undirbúið Matsferil í samræmi við frumvarpsdrögin. Ráðuneytið er undirbúið undir ákvörðun Alþingis um lagasetningu og mun hrinda þeim breytingum í framkvæmd þegar

endanleg útfærsla liggur fyrir. Ef Alþingi gerir ekki breytingar á lögum raknar skylda til að halda samræmd könnunarpróf við um áramót. Næstu skref eru því ljós og ráðuneytið undirbúið, hver svo sem ákvörðun þingsins verður. Ráðuneytið er því ekki sammála umboðsmanni barna að óvissa sé um samræmt námsmat og áttar sig ekki á því á hvaða upplýsingum umboðsmaður byggir þá ályktun.

Að lokum kemur fram í bréfi umboðsmanns barna að það sé „óafsakanlegt að ekkert samræmt námsmat hafi tekið við af samræmdum könnunarprófum eftir að þau voru síðast haldin árið 2021 og að enn ríki óvissa um hvenær áætlað sé að ljúka við innleiðingu á nýju samræmdu námsmati. Sú ábyrgð liggur hjá ráðherra.“

Ráðuneytið áréttar að ástæða þess að ekkert samræmt námsmat hefur verið haldið frá árinu 2021 er vegna þess að Alþingi setti lög um að ekki væri skylt að halda slíkt námsmat. Ábyrgð á lagasetningu liggur hjá Alþingi og telur ráðuneytið þessa framsetningu umboðsmanns barna vera villandi. Þá hafi umboðsmaður barna tekið fram í umsögn sinni til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, þegar frumvarp það er varð að lögum nr. 79/2022 sem felldi niður skyldu til að halda samræmd könnunarpróf, að „Umboðsmaður styður því þá tillögu sem frumvarpið felur í sér, að afnumin verði skylda til að leggja fyrir samræmd próf, þar til ráðuneytið hefur innleitt að fullu nýtt samræmt námsmat.“

Er þessum athugasemdum hér með komið á framfæri við umboðsmann barna. Mennta- og barnamálaráðuneyti ítrekar samstarfsvilja sinn við umboðsmann barna og er ráðuneytið ávallt tilbúið að veita nánari upplýsingar ef umboðsmaður telur þess þurfa, eiga fundi með umboðsmanni og taka á mótí ábendingum og athugasemdum.

F.h. ráðherra

Erna Kristín Blöndal

F.h. ráðherra

Anna Tryggvadóttir